

**IS**

**IS**

**IS**



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Brussel, XXX

Tillaga að

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr .../2010**

**frá [...]**

**um öryggisumsjón í flugumferðarstjórn og flugleiðsögubjónustu**

**(Texti sem varðar EES)**

## Tillaga að REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr .../...

frá [...]

### um öryggisumsjón í flugumferðarstjórn og flugleiðsöguþjónustu

(Texti sem varðar EES)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Hefur með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) frá 20. febrúar 2008 nr. 216/2008 um almennar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, og tilskipunar 2004/36/EB<sup>1</sup> með breytingum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) frá 21. október 2009 á sviði flugvalla, flugumferðarstjórnar og flugleiðsöguþjónustu og afnám tilskipunar 2006/23/EB<sup>2</sup>, einkum gr. 8b,

Hefur með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) frá 10. mars 2004 nr. 550/2004 um veitingu flugleiðsöguþjónustu í samevrópska loftrýminu<sup>3</sup> (reglugerð um þjónustuveitingu) með breytingum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) frá 21. október 2009 nr. 1070/2009 til að bæta afköst og sjálfbærni evrópska flugmálakerfisins<sup>4</sup>, einkum gr. 4 og 6,

Þar sem:

- (1) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 þarf framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu (vísað til sem 'Stofnunin' hér að neðan), að aðlaga viðkomandi útfærslureglur til að móta sett af öryggisstjórnunarkröfum fyrir útfærslu á skilvirku öryggisumsjónarhlutverki fyrir flugumferðarstjórnun (ATM). Grein 8b í reglugerð nr. 216/2008 kveður á um að þróa skuli þessar útfærslureglur á grundvelli reglugerða sem hafa verið samþykktar í sambandi við samevrópska loftrýmið I. Þessi reglugerð byggir á reglugerð (EB) frá 8. nóvember 2007 nr. 1315/2007 varðandi öryggisumsjón yfir flugumferðarstjórnun<sup>5</sup> og breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005<sup>6</sup>.
- (2) Það þarf að skilgreina frekar hlutverk lögbæru stjórnvaldanna á grundvelli ákvæða reglugerðar (EB) nr. 216/2008, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) frá 10. mars 2004 nr. 549/2004 sem setur fram rammann fyrir sköpun samevrópsks

<sup>1</sup> Stjórnartíðindi EB L 79, 19.03.2008, bls. 1.

<sup>2</sup> Stjórnartíðindi EB L 309, 24.11.2009, bls. 51.

<sup>3</sup> Stjórnartíðindi EB L 96, 31.03.2004, bls. 10.

<sup>4</sup> Stjórnartíðindi EB L 300, 14.11.2009, bls. 34.

<sup>5</sup> Stjórnartíðindi EB L 291, 09.11.2007, bls. 16.

<sup>6</sup> Stjórnartíðindi EB L 335, 21.12.2005, bls. 13.

loftrýmis<sup>7</sup> (rammareglugerðin), reglugerð (EB) nr. 550/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) frá 10 mars 2004 nr. 552/2004 varðandi rekstrarsamhæfi evrópska flugumferðarstjórnunarnetkerfisins<sup>8</sup> (reglugerðin um rekstrarsamhæfi). Þessar reglugerðir innihalda kröfur um öryggi flugleiðsöguþjónustu. Þótt ábyrgðin fyrir örugga þjónustuveitingu hvíli á veitandanum, þá ættu aðildarríki að tryggja skilvirka umsjón í gegnum lögbær stjórnvöld.

- (3) Þessi reglugerð nær ekki yfir herflug og þjálfun, eins og kveðið er á um í gr. 1(2) í reglugerð (EB) nr. 549/2004 og gr. 1(2)(c) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (4) Lögbær stjórnvöld skulu endurskoða og yfirfara öryggisstjórnun í samræmi við þessa reglugerð sem lið í viðeigandi skoðun og eftirliti sem krafist er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og reglugerð (EB) nr. 550/2004.
- (5) Lögbær stjórnvöld ættu að taka til athugunar að nota nálgun þessarar reglugerðar að öryggisumsjón á öðrum umsjónarsviðum til þess að þróa skilvirka og samræmda yfirumsjón.
- (6) Öll flugleiðsöguþjónusta, ásamt flugumferðarflæðis- og loftrýmisstjórnun, byggir á starfrænum kerfum sem gera kleift að stjórna flugumferð. Þess vegna ættu allar breytingar á starfrænum kerfum að sæta öryggisumsjón.
- (7) Lögbær stjórnvöld skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í því tilfalli að kerfi eða kerfishluti fullnægi ekki viðkomandi kröfum. Í þessu sambandi, og einkum þegar þarf að gefa út öryggistilskipun, ætti lögbæra stjórnvaldið að taka til athugunar að skipa þeim stofnunum sem eru viðriðin útgáfu tilskipunarinnar sem vísað er til í gr. 6 eða gr. 5 í reglugerð (EB) nr. 552/2004 að gera sérstakar rannsóknir varðandi viðkomandi tæknikerfi.
- (8) Árleg skýrslugjöf lögbærra stjórnvalda um öryggisumsjón ætti að efla gegnsæi og undirstrika ábyrgð öryggisumsjónaraðila. Skýrslunum ætti að beina til framkvæmdastjórnarinnar, Stofnunarinnar og aðildarríkisins sem útnefdir stjórnvaldið eða stofnar það. Ennfremur ætti að nota þær í sambandi við svæðisbundið samstarf, stöðlunareftirlit í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og alþjóðlega vöktun á öryggisumsjón. Skýrslugerðin ætti að ná yfir viðeigandi upplýsingar í sambandi við vöktun á öryggisframkvæmd, fylgni við viðeigandi öryggisstjórnunarkröfur af hálfu stofnanna sem umsjón er höfð með, áætlun um endurskoðun öryggisstjórnunar, endurskoðun á öryggisforsendum, breytingum á starfrænum kerfum sem eru útfærð af viðkomandi stofnunum í samræmi við ferli sem stjórnvaldið hefur samþykkt og öryggistilskipanir sem lögbæra stjórnvaldið hefur gefið út.
- (9) Í samræmi við gr. 10(1) í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og gr. 2(4) í reglugerð (EB) nr. 550/2004 skulu lögbær stjórnvöld gera viðeigandi ráðstafanir fyrir nána samvinnu við hvert annað til að tryggja fullnægjandi umsjón með veitendum flugleiðsöguþjónustu sem veita þjónustu tengda því loftrými sem fellur undir ábyrgð aðildarríkis annars en þess aðildarríkis sem gaf út vottorðið. Í samræmi við gr. 15 í reglugerð (EB) nr.

<sup>7</sup> Stjórnartíðindi EB L 96, 31.03.2004, bls. 1.

<sup>8</sup> Stjórnartíðindi EB L 96, 31.03.2004, bls. 26.

216/2008 ættu stjórnvöldin sérstaklega að skiptast á viðeigandi upplýsingum um öryggisumsjón með stofnunum.

- (10) Stofnunin ætti að meta nánar ákvæði þessarar reglugerðar, einkum þau sem varða öryggisumsjón, og gefa út tilskipun um aðlögun þeirra að heildarkerfisnálgun, að teknu tilliti til samþættingar þessara ákvæða við sameiginlega stjórnunarkerfið fyrir öryggi í almenningflug og þeirrar reynslu sem hagsmunaaðilar og lögbær stjórnvöld hafa aflað sér. Álit Stofnunarinnar ætti enn fremur að stefna að því að auðvelda útfærsluna á ICAO ríkisöryggisáætluninni (e. State Safety Programme eða SSP) innan Evrópubandalagsins og sem hluta af þessari heildarkerfisnálgun.
- (11) Aðgerðirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit samevrópsku nefndarinnar,

**SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :**

### *1. grein*

#### **Efni og umfang**

1. Reglugerð þessi kveður á um kröfur sem fullnægja skal við beitingu lögbærra stjórnvalda á hlutverki sínu við öryggisumsjón með flugleiðsöguþjónustu, flugumferðarflæðisstjórnun (e. Air traffic flow management eða ATFM) og loftrýmisstjórnun (e. Airspace management eða ASM) fyrir almenningflug.
2. Reglugerð þessi skal gilda fyrir aðgerðir lögbærra stjórnvalda og viðurkenndra eininga sem starfa fyrir þeirra hönd við öryggisumsjón með flugleiðsöguþjónustu, ATFM og ASM.

### *.2. grein*

#### **Skilgreiningar**

Í sambandi við þessa reglugerð skulu gilda skilgreiningarnar sem settar voru fram í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og reglugerð (EB) nr. 549/2004 nema skilgreiningin í gr. 2(15) í reglugerð 549/2004.

Eftirfarandi skilgreiningar skulu einnig gilda:

- (a) ‘aðgerð til úrbóta’ vísar til aðgerðar til að fjarlægja ástæðu ósamræmis sem hefur komið í ljós;
- (b) ‘starfræn kerfi’ vísar til samsetningar kerfa, ferla og mannauðs sem er skipulögð til að gegna hlutverki í sambandi við ATM;
- (c) ‘stofnun’ vísar annað hvort til veitanda flugleiðsöguþjónustu eða einingar sem veitir ATFM eða ASM;
- (d) ‘ferli’ vísar til setts af samtengdum eða samvirkandi aðgerðum sem umbreyta aðföngum í afurðir;
- (e) ‘öryggisforsenda’ vísar til sannprófunar og sönnunar á því að hægt sé að útfæra fyrirhugaða breytingu á starfrænu kerfi í samræmi við markmið eða staðla sem endurspeglast í gildandi stjórnunarramma án frávíka frá öryggisstjórnunarkröfum;

- (f) ‘öryggistilskipun’ vísar til skjals sem er gefið út eða samþykkt af lögbæru stjórnvaldi sem gefur út tilskipun um aðgerðir á starfrænu kerfi til að endurreisa öryggi, þegar gögn sýna að annars kynni flugmálaöryggi að vera teflt í tvísýnu;
- (g) ‘öryggismarkmið’ vísar til eiginda- eða magnbundinnar umsagnar sem skilgreinir hámarkstíðni eða líkur á því að búast megi við því að áhættuatvik gerist;
- (h) ‘endurskoðun öryggisstjórnunar’ vísar til kerfisbundinnar og sjálfstæðrar rannsóknar sem er gerð af, eða fyrir hönd, lögbærs stjórnvalds til að ákveða hvort heildstæðar öryggistengdar ráðstafanir eða hlutar þeirra sem tengjast ferlum eða þjónustu, fullnægi kröfum um öryggistengdar ráðstafanir og hvort þær séu útfærðar á skilvirkan hátt og henti vel til að ná tilætluðum árangri;
- (i) ‘kröfur um öryggisstjórnun’ vísar til krafna sem gerðar eru af Evrópubandalaginu eða reglugerðum á landsvísu fyrir veitingu flugleiðsögubjónustu eða ATFM og ASM aðgerða varðandi tækni- og rekstrarlega hæfni og hentugleika til að veita slíka þjónustu, öryggisstjórnun þeirra, og einnig kerfi, kerfishluta og tengda ferla;
- (j) ‘öryggiskrafa’ vísar til áhættumildunar, sem er skilgreind með hliðsjón af áhættumildunarstefnu sem nær ákveðnu öryggismarkmiði, að meðtöldum einkennum tengdum skipulagningu, rekstri, ferlum, virkni, frammistöðu og rekstrarsamhæfiskröfum eða umhverfinu;
- (k) ‘sönnun’ vísar til staðfestingar við útvegum hlutlægra sannana að ákveðnum kröfum hafi verið fullnægt;
- (l) ‘samevrópsk þjónusta’ vísar til þjónustu sem er hönnuð fyrir og sett á fót fyrir notendur í flestum eða öllum aðildarríkjum.

### 3. grein

#### Lögbært stjórnvald

Í sambandi við þessa reglugerð skal lögbæra stjórnvaldið vera:

- (a) fyrir stofnanir með aðalstarfsstöðvar sínar og, ef við á, skráða skrifstofu staðsetta í aðildarríki, eftirlitsstjórnvald á landsvísu útnefnt eða sett á fót af því aðildarríki;
- (b) fyrir veitendur flugleiðsögubjónustu sem bjóða þjónustu innan starfræns loftrýmis (e. Functional Airspace Block eða FAB) þar sem ábyrgð fyrir öryggisumsjón er úthlutað öðru vísi en í málsgrein (a) samkvæmt samningnum milli ríkjanna, eftirlitsstjórnvaldið/völdin á landsvísu sem eru útnefnd eða stofnuð samkvæmt þeim samningi;
- (c) fyrir stofnanir sem veita þjónustu í loftrými landsvæðisins sem sáttmálinn nær til og hafa aðalstarfsstöðvar sínar og, ef við á, skráða skrifstofu staðsetta utan landsvæðisins sem fellur undir ákvæði sáttmálans, Stofnunin;
- (d) fyrir stofnanir sem veita samevrópska þjónustu, Stofnunin.

#### 4. grein

### Öryggisumsjónarhlutverk

1. Lögbæra stjórnvaldið skal fara með öryggisumsjón sem lið í eftirliti þess með kröfunum sem gilda fyrir flugleiðsöguþjónustu ásamt ATFM og ASM, til þess að vakta örugga framkvæmd slíkra aðgerða og staðfesta að viðeigandi kröfum um öryggisstjórnun og útfærslufyrirkomulag þeirra sé fullnægt.

2. Við gerð samnings um umsjón með stofnunum sem starfa í starfrænu loftrými sem nær yfir loftrými sem fellur undir ábyrgð fleiri en eins aðildarríkis, skulu viðkomandi aðildarríki tilgreina og úthluta ábyrgð á öryggisumsjón þannig að tryggt sé að:

- (a) tilteknir ábyrgðarliðir séu til staðar til að útfæra hvert ákvæði þessarar reglugerðar;
- (b) aðildarríkin hafi yfirsýn yfir öryggisumsjónarkerfin og niðurstöður þeirra.

Aðildarríki skulu á reglubundinn hátt endurskoða samninginn og útfærslu hans í reynd einkum í ljósi þess öryggisárangurs sem hefur náðst.

#### 5. grein

### Vöktun öryggisárangurs

1. Lögbæru stjórnvöldin skulu sjá um reglubundna vöktun og mat á þeim öryggisstigum sem náðst hafa til þess að ákveða hvort þær fullnægi kröfunum um öryggisstjórnun sem gilda í því loftrýmis sem þau eru ábyrg fyrir.

2. Lögbæru stjórnvöldin skulu nota niðurstöður öryggisvöktunar einkum til að tilgreina svæði þar sem staðfesting á fylgni við kröfur um öryggisstjórnun er nauðsynlegt forgangsmál.

#### 6. grein

### Staðfesting á fylgni við kröfur um öryggisstjórnun

1. Lögbæru stjórnvöldin skulu skipuleggja ferli til að staðfesta:

- (a) fylgni við viðeigandi kröfur um öryggisstjórnun fyrir útgáfu eða endurnýjun vottorðs sem þarf til að veita flugleiðsöguþjónustu að meðtöldum öryggistengdum skilyrðum sem tengjast því;
- (b) fylgni við allar öryggistengdar skuldbindingar í tilnefningarlögum sem eru gefin út í samræmi við gr. 8 í reglugerð (EB) nr. 550/2004;
- (c) áframhaldandi fylgni stofnananna við viðeigandi kröfur um öryggisstjórnun;
- (d) útfærslu á öryggismarkmiðum og öðrum öryggistengdum skilyrðum sem eru tilgreind í:
  - (i) yfirlýsingum um sannprófun á kerfum, að meðtöldum öllum viðkomandi yfirlýsingum um hentugleika fyrir notkun á kerfishlutum, útgefnum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 552/2004;

- (ii) áhættumats- og mildunarferlum sem þjóna kröfum um öryggisstjórnun sem gilda fyrir flugleiðsöguþjónustu, ATFM og ASM;
  - (e) útfærsluna á öryggistilskipunum.
2. Ferlið sem vísað er til í málsgrein 1 skal:
- (a) vera byggt á skjalfestu verklagi;
  - (b) styðjast við skjalfest gögn sem eru sérstaklega ætluð til að leiðbeina starfsmönnum við öryggisumsjón um útfærslu hlutverks síns;
  - (c) gefa viðkomandi stofnun vísbendingu um starfsárangur við öryggisumsjón;
  - (d) vera byggt á endurskoðun og yfirferð á öryggisstjórnun sem eru framkvæmd í samræmi við gr. 7, 9 og 10;
  - (e) veita lögbæra stjórnvaldinu sönnunargögn sem þarf til að styðja frekari aðgerðir, að meðtöldum aðgerðum sem ráðgerðar eru í gr. 9 í reglugerð (EB) nr. 549/2004, gr. 7(7) í reglugerð (EB) nr. 550/2004 og í gr. 10, 25 og 68 í reglugerð (EB) nr. 216/2008 í kringumstæðum þar sem kröfum um öryggisstjórnun er ekki fullnægt.

#### 7. grein

#### **Endurskoðun öryggisstjórnunar**

1. Lögbær stjórnvöld, eða viðurkenndar einingar sem þau fela hlutverkið, skulu framkvæma endurskoðun á öryggisstjórnun.
2. Endurskoðun öryggisstjórnunar sem vísað er til í málsgrein 1 skal:
- (a) útvega lögbærum stjórnvöldum sönnunargögn um fylgni við viðeigandi kröfur um öryggisstjórnun og viðeigandi útfærslufyrirkomulag með því að meta þörfina á úrbótum eða leiðréttingum;
  - (b) vera óháð innri endurskoðunaraðgerðum sem viðkomandi stofnun tekst á hendur í gegnumöryggis- eða gæðastjórnunarkerfi sín;
  - (c) vera framkvæmd af endurskoðendum með menntun í samræmi við kröfurnar í gr. 12;
  - (d) taka til útfærslufyrirkomulags í heild eða til hluta þess, og til aðferða, afurða eða þjónustu;
  - (e) ákveða hvort:
    - (i) útfærslufyrirkomulag fullnægir kröfum um öryggisstjórnun;
    - (ii) aðgerðir sem gripið er til fylgi útfærslufyrirkomulaginu;
    - (iii) árangur aðferða sem gripið er tilsamsvari þeim árangri sem gert er ráð fyrir í útfærslufyrirkomulaginu;
  - (f) leiði til leiðréttingar á ósamkvæmni í samræmi við gr. 8.



3. Í sambandi við skoðunaráætlunina sem krafist er í gr. 8 í reglugerð (EB) framkvæmdastjórnarinnar nr. XXXX/2010 skulu lögbær stjórnvöld koma á fót og uppfæra a.m.k. árlega áætlun um endurskoðun öryggisstjórnunar til að:

- (a) hún nái til allra þátta hugsanlegra öryggisáhyggjuefna, með fókus á þá þætti þar sem vandamál hafa verið tilgreind;
- (b) hún nái til allra stofnana sem starfa og þjónustu sem veitt er undir eftirliti lögbæra stjórnvaldsins;
- (c) tryggja að endurskoðanir séu framkvæmdar á hátt sem samsvarar því áhættustigi sem aðgerðir stofnunarinnar miðast við;
- (d) tryggja að fullnægjandi endurskoðun sé framkvæmd yfir tveggja ára tímabil til að kanna fylgni allra þessara stofnana við viðeigandi kröfur um öryggisstjórnun á öllum viðeigandi svæðum starfræna kerfisins;
- (e) tryggja eftirfylgni við útfærslu á leiðréttandi aðgerðum.

4. Lögbær stjórnvöld geta ákveðið að breyta umfangi ráðgerðra endurskoðana og fella inn í þær auka endurskoðanir þegar þörf krefur.

5. Lögbær stjórnvöld skulu ákveða hvaða fyrirkomulag, þættir, þjónusta, afurðir, staðsetningar og aðgerðir ber að endurskoða innan tilskilins tímaramma.

6. Skjalfesta skal athugasemdir sem leiða af endurskoðun og tilgreind tilfelli ósamkvæmni. Hin síðarnefndu skulu vera studd sönnunargögnum, og tilgreind með tilvísun til viðeigandi krafna um öryggisstjórnun og útfærslufyrirkomulag þeirra sem endurskoðunina tók mið af.

Gera skal endurskoðunarskýrslu með nákvæmri lýsingu á tilgreindri ósamkvæmni.

#### 8. grein

#### **Leiðréttandi aðgerðir**

1. Lögbæra stjórnvaldið skal deila niðurstöðum endurskoðunarinnar með stofnuninni sem var endurskoðuð og krefjast um leið leiðréttandi aðgerða sem taka á tilgreindum tilfellum án þess að útiloka frekari aðgerðir sem viðeigandi kröfur um öryggisstjórnun kunna að kveða á um.

2. Stofnunin sem er endurskoðuð skal ákveða þær leiðréttandi aðgerðir sem nauðsynlegar eru taldar til að lagfæra ósamkvæmni og tímarammann fyrir útfærslu þeirra.

3. Lögbæra stjórnvaldið skal meta þær leiðréttandi aðgerðir og útfærslu sem endurskoðaða stofnunnin hefur ákveðið og samþykkja þær ef matsniðurstöðurnar sýna að þær séu fullnægjandi til að lagfæra ósamkvæmnina.

4. Endurskoðaða stofnunin skal eiga frumkvæðið að leiðréttandi aðgerðum sem lögbæra stjórnvaldið hefur samþykkt. Þessum leiðréttandi aðgerðum og eftirfarandi ferli eftirfylgni skal vera lokið innan þess tímabils sem lögbæra stjórnvaldið hefur samþykkt.

### 9. grein

## Öryggisumsjón með breytingum á starfrænum kerfum

1. Stofnanir skulu einungis nota starfshætti samþykkta af lögbæra stjórnvaldi þeirra við ákvörðun um innleiðingu öryggistengdra breytinga á starfrænum kerfum sínum. Þegar um er að ræða þjónustuveitendur flugumferðarstjórnar og veitendur fjarskipta-, flugleiðsögu- eða kögunarþjónustu, skal lögbæra stjórnvaldið samþykkja þessa starfshætti innan ramma reglugerðar (EB) nr. XXXX/2010.
2. Stofnanir skulu tilkynna lögbæru stjórnvaldi sínu um allar fyrirhugaðar öryggistengdar breytingar. Í þessu sambandi skulu lögbæru stjórnvöldin taka upp viðeigandi stjórnsýslustarfshætti í samræmi við landslög.
3. Ef 10. grein á ekki við geta stofnanirnar útfært tilkynnta breytingu í samræmi við þá starfshætti sem vísað er til í málsgrein 1 í þessari grein.

### 10. grein

## Verklag við endurskoðun fyrirhugaðra breytinga

1. Lögbæra stjórnvaldið skal endurskoða öryggisröksemdir fyrir nýjum starfrænum kerfum eða breytingum á núverandi starfrænum kerfum sem stofnun hyggst gera þegar:

- (a) mat gert í samræmi við Viðauka II, lið 3.2.4 í reglugerð (EB) Nr. XXXX/2010 sker úr um alvörustigsflokk 1 eða alvörustigsflokk 2 fyrir hugsanleg áhrif tilgreindrar áhættu;
- (b) útfærslan á breytingunum krefst innleiðingar nýrra flugmálastaðla.

Þegar lögfæra stjórnvaldið ályktar að endurskoðunar sé þörf í kringumstæðum öðrum en þeim sem vísað er til í liðum (a) og (b) skal það tilkynna Stofnuninni að það muni takast á hendur öryggisendurskoðun á breytingunni sem tilkynnt er.

2. Endurskoðunina skal framkvæma á hátt sem samsvarar því áhættustigi sem fylgir nýja starfræna kerfinu eða breytingu á núverandi starfrænum kerfum.

Hún skal:

- (a) nota skjalfestar starfsreglur;
- (b) styðjast við gögn sem eru sérstaklega ætluð til að veita stafsmönnum við öryggisumsjón leiðbeiningar um útfærslu hlutverks síns;
- (c) taka tillit til þeirra öryggismarkmiða, öryggiskrafna og annarra öryggistengdra aðstæðna sem tengjast breytingunni sem er til athugunar og hafa verið tilgreindar í:
  - (i) yfirlýsingum um sannprófun kerfa sem vísað er til í gr. 6 í reglugerð (EB) nr. 550/2004;
  - (ii) yfirlýsingum um samræmi eða hentugleika til notkunar sem kerfishluta sem vísað er til í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004; eða
  - (iii) gögnum um áhættumat og mildun sem eru til staðar í samræmi við viðkomandi kröfur um öryggisstjórnun;

- (d) tilgreina frekari öryggistengdar aðstæður tengdar útfærslunni á breytingunni, hvar sem þeirra er þörf;
  - (e) meta vægi öryggisröksemda sem settar eru fram, takandi tillit til:
    - (i) tilgreiningarinnar á áhættu;
    - (ii) samkvæmni við skilgreiningu á alvörustigsflokkun þeirra;
    - (iii) gildis öryggismarkmiða;
    - (iv) gildis, skilvirkni og framkvæmanleika öryggiskrafna og annarra tilgreindra öryggistengdra skilyrða;
    - (v) sönnunar á því að öryggismarkmiðum, öryggiskröfum og öðrum öryggistengdum skilyrðum sé stöðugt fullnægt;
    - (vi) sönnunar á því að ferlið sem er notað við gerð öryggisröksemda fullnægji viðeigandi kröfum um öryggisstjórnun;
  - (f) sannreyna ferlin sem stofnanirnar nota við gerð öryggisröksemda í sambandi við nýja starfræna kerfið eða íhugaðra breytinga á núverandi starfrænum kerfum;
  - (g) tilgreina þörfina á sannreynslu á áframhaldandi fylgni;
  - (h) innifela allar nauðsynlegar samstillingaraðgerðir gagnvart stjórnvöldum sem eru ábyrg fyrir öryggisumsjón með flughæfi og flugrekstri;
  - (i) tilkynna um samþykkt, með skilyrðum þar sem það á við, eða neitun samþykkis, með rökstuðningi, á breytingunni sem er til athugunar.
3. Innleiðing til notkunar á breytingunni sem er til athugunar skal vera háð samþykki lögbæra stjórnvaldsins.

### *11. grein*

#### **Viðurkenndar einingar**

1. Þegar lögbært stjórnvald ákveður að fela viðurkenndri einingu framkvæmd á endurskoðun á öryggisstjórnun í samræmi við þessa reglugerð, þá skal það tryggja að þær viðmiðanir sem eru notaðar til að velja einingu úr hópi þeirra sem eru hæfar samkvæmt gr. 3 í reglugerð (EB) nr. 550/2004 og gr. 13 í reglugerð (EB) nr. 216/2008 innifeli eftirfarandi:
- (a) Viðurkennda einingin hafi fyrri reynslu við öryggismat á flugmálaeiningum;
  - (b) Viðurkennda einingin sé ekki samtímis viðriðin aðgerðir innan öryggis- eða gæðastjórnunarkerfa viðkomandi stofnana;
  - (c) Allir starfsmenn sem koma að framkvæmd endurskoðunar á öryggisstjórnun hafi fullnægjandi þjálfun og hæfi og fullnægi hæfisviðmiðunum gr. 12(3) í þessari reglugerð.

2. Viðurkennda einingin skal samþykkja möguleikann á endurskoðun hennar af hálfu lögbæra stjórnvaldsins eða einhverrar stofnunar fyrir þess hönd.
3. Lögbær stjórnvöld skulu halda skrá yfir viðurkenndar einingar sem hefur verið veitt umboð til að framkvæma endurskoðun á öryggisstjórnun fyrir þeirra hönd. Skrárnar skulu skjalfesta fylgni við kröfurnar sem settar eru fram í málgrein 1.

### *12. grein*

#### **Geta til öryggisumsjónar**

1. Aðildarríki og framkvæmdastjórnin skulu sjá til þess að lögbær stjórnvöld hafi þá getu sem þarf til að tryggja öryggisumsjón með öllum stofnunum sem starfa undir eftirliti þeirra, þar með talin nægjanleg aðföng til að útfæra þær aðgerðir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð.
2. Lögbær stjórnvöld skulu gera og uppfæra á tveggja ára fresti mat á þeim mannauði sem þarf til að sinna öryggisumsjónarhlutverki þeirra, á grundvelli skilgreiningar á þeim verklagsreglum sem útfærsla á þessari reglugerð krefst.
3. Lögbær stjórnvöld skulu sjá til þess að allir einstaklingar viðriðnir aðgerðir tengdar öryggisumsjón séu hæfir til að gegna hlutverkum sínum. Í þessu sambandi skulu þau:
  - (a) skilgreina og skjalfesta menntun, þjálfun, tækni- og rekstrarlega kunnáttu, reynslu og hæfni fyrir allar stöður í skipuriti þeirra með verkefni á sviði öryggisumsjónar;
  - (b) tryggja sérstaka þjálfun fyrir þá sem í starfi sínu sinna aðgerðum á sviði umsjónar með öryggisstjórn;
  - (c) tryggja að starfsmenn sem eru útnefndir til að framkvæma endurskoðun á öryggisstjórnun, að meðtöldum starfsmönnum frá viðurkenndum einingum, fullnægi sérstökum hæfnisviðmiðunum sem lögbæra stjórnvaldið skilgreinir. Viðmiðanirnar skulu taka til:
    - (i) þekkingar og skilnings á kröfum tengdum flugleiðsögubjónustu, ATFM og ASM sem endurskoðun á öryggisstjórnun kann að ná til;
    - (ii) notkunar á tæknilegum matsaðferðum;
    - (iii) hæfileikanna sem þarf til að stjórna endurskoðun;
    - (iv) staðfestingar á hæfni endurskoðenda í gegnum mat eða eftir öðrum viðunandi leiðum.

### *13. grein*

#### **Öryggistilskipanir**

1. Lögbæra stjórnvaldið skal gefa út öryggistilskipun þegar það hefur staðfest tilveru ótryggs ástands í starfrænu kerfi sem krefst viðbragðs tafarlaust.
2. Öryggistilskipun skal vera send til viðkomandi stofnana og innihalda að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

- (a) tilgreiningu hins ótrygga ástands;
- (b) tilgreiningu viðkomandi starfræns kerfis;
- (c) nauðsynlegar aðgerðir og rökstuðninginn fyrir þær;
- (d) tímatakörk fyrir framkvæmd aðgerða sem öryggistilskipunin krefst;
- (e) dagsetning gildistöku hennar.

3. Lögbæra stjórnvaldið skal senda afrit af öryggistilskipuninni til Stofnunarinnar og allra annarra viðkomandi lögbærra stjórnvalda, sérstaklega þeirra sem tengjast öryggisumsjón með starfræna kerfinu, og til framkvæmdastjórnarinnar.

4. Lögbæra stjórnvaldið skal sannreyna fylgni við viðeigandi öryggistilskipanir.

#### *14. grein* **Öryggiseftirlitsskrár**

Lögbær stjórnvöld skulu halda skrár yfir aðferðir þeirra við öryggisumsjón og viðhalda aðgangi að þeim ásamt öllum skýrslum um endurskoðun öryggisstjórnunar og öðrum öryggistengdum skjölum sem varða vottorð, útnefningar, öryggiseftirlit með breytingum, öryggistilskipanir, og notkun viðurkenndra eininga.

#### *15. grein* **Skýrslugerð um öryggiseftirlit**

1. Lögbæra stjórnvaldið skal útbúa árlega öryggiseftirlitsskýrslu um aðgerðir teknar í samræmi við þessa reglugerð. Skýrslan skal einnig innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

- (a) skipurit og starfshætti lögbæra stjórnvaldsins;
- (b) loftrými sem fellur undir ábyrgð aðildarríkisins sem stofnaði eða útnefndi lögbæra stjórnvaldið, ef það á við, og stofnanir sem falla undir eftirlit lögbæra stjórnvaldsins;
- (c) viðurkenndar einingar með umboð til að endurskoða öryggisstjórnun;
- (d) núverandi aðföng stjórnvaldsins;
- (e) öll öryggisvandamál sem hafa verið tilgreind við öryggisumsjónaraðgerðir lögbæra stjórnvaldsins.

2. Aðildarríki skulu styðjast við skýrslur lögbærra stjórnvalda þeirra við gerð árlegra skýrslna sinna til framkvæmdastjórnarinnar sem kveðið er á um í gr. 12 í reglugerð (EB) nr. 549/2004.

Árlega öryggisumsjónarskýrslan skal vera tiltækileg fyrir aðildarríki sem eiga hlut að máli í starfrænu loftrými, fyrir Stofnunina og til nota í sambandi við framkvæmdaáætlanir eða aðgerðir sem gripið er til samkvæmt samþykktum alþjóðlegum ráðstöfunum til að vakta eða endurskoða útfærslu öryggisumsjónar með flugleiðsöguþjónustu, ATFM og ASM.

*16. grein*

**Gagnaskipti milli lögbærra stjórnvalda**

Lögbær stjórnvöld skulu gera ráðstafanir fyrir nána samvinnu sín á milli í samræmi við gr. 10 og 15 í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og gr. 2(4) í reglugerð (EB) nr. 550/2004 og skiptast á öllum viðeigandi gögnum til að tryggja öryggisumsjón með öllum stofnunum sem veita milliríkjaþjónustu eða starfsemi.

*17. grein*

**Bráðabirgðaákvæði**

1. Stjórn aðgerða sem eru hafnar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar á grundvelli reglugerðar (EB) framkvæmdastjórnarinnar nr. 1315/2007 skal vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.
2. Stjórnvald aðildarríkis sem hefur verið ábyrgt fyrir öryggisumsjón með stofnunum sem Stofnunin er lögbært stjórnvald samkvæmt gr. 3 skal yfirfæra til Stofnunarinnar hlutverk sitt við öryggisumsjón með þessum stofnunum 6 mánuðum eftir dagsetningu gildistöku þessarar reglugerðar.

*18. grein*

**Afnámsákvæði**

1. Reglugerð (EB) framkvæmdastjórnarinnar nr. 1315/2007 er hér með afnumin.

*19. grein*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á 20sta degi eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

*Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar  
Forsetinn*